

Reykjavík 30. mars 2016

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, með síðari breytingum (barnalífeyrir). (Þingskjal 203 – 197. mál)

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015–2016.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi lýsa yfir stuðningi við ofangreint frumvarp og hvetja til þess að það verði samþykkt sem lög. Frumvarpið gerir nauðsynlegar breytingar á lögum í samræmi við sjónarmið um jafnrétti kynjanna og jafnræði með börnum sem búa ýmist hjá mæðrum eða feðrum en eiga ekki foreldri af hinu kyninu. Barnaheill líta svo á að hér sé um eðlilega þróun á lögum að ræða og mikilvægt sé að börnum sé ekki mismunað vegna stöðu foreldra þeirra.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri